

Alþingi
Erindi nr. P 122/1985
komudagur 17.4.1998

Sýslumannafélag Íslands

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík
Fax: 563 0610

Reykjavík, 14. apríl 1998

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 521 mál, fyrning sakar.

Frumvarpið lýtur að nokkrum breytingum á 81. til 83. gr. almennra hegningarlaga. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi breytingar á 81. og 82. gr.

Athugasemdir varðandi 83. gr. a.

Eina breytingin sem gerð er á greininni frá gildandi lögum er að mörk milli 3ja ára fyrningar og 5 ára fyrningar er hækkuð úr 20.000 í 60.000.

Það ber að athuga að dómur hafa gengið þar sem sá skilningur kemur fram að hugtakið "sátt" í greininni eins og hún er í gildandi lögum (því orðalagi hefur ekki verið breytt í frumvarpinu) nái ekki til sáttar sem lögreglustjóri gerir við sakborning á grundvelli 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Fyrningarfræstur í þeim tilvikum fari eftir 81. gr. og sé því 2 ár. Af greinargerðinni má ráða að þetta sé ekki skilningur frumvarpshöfundar en þar segir m.a.: "Með fésekt er átt við refsingu sem ákveðin er með dómi, sektargerð dómara eða sektargerð stjórnvalds, þar á meðal sektargerð lögreglustjóra."

Til þess að taka af allan vafa um skilning á lagagreininni er lagt til að lagatextanum verði breytt og hann gerður skýrari. Er lagt til að upphaf lagagreinarinnar verði þannig:

Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, sektargerð dómara eða sektargerð stjórnvalds, þar á meðal sektargerð lögreglustjóra fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja þeirri niðurstöðu samkvæmt almennum ákvæðum laga.

Einnig kemur til álita að hækka mörk milli 3ja ára og 5 ára fyrningar í 100 þús. kr. til samræmis við sektarheimildir lögreglustjóra samkvæmt 115. gr. laga um meðferð opinberra mála svo og reglugerð um lögreglustjórásáttir nr. 39/1998.

F.h. Sýslumannafélags Íslands

Þorleifur Pálsson